

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. nóvember 1992

um breytingu á ákvörðun 89/374/EBE frá 2. júní 1989 um skipulag tímabundinna tilrauna, samkvæmt tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, til að ákvarða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn rúgblendinga

(92/520/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 13. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tímabundin tilraun hefur verið skipulögð í bandalaginu á grundvelli ákvörðunar 89/374/EBE <sup>(3)</sup> til að ákvarða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn rúgblendinga. Samkvæmt áðurnefndri ákvörðun átti tilrauninni að ljúka 30. júní 1992. Þörf er á nánari upplýsingum og því ber að framlengja tilraunina til 30. júní 1994.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í 3. gr. ákvörðunar 89/374/EBE komi „30. júní 1994“ í stað „30. júní 1992“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. nóvember 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 166, 16. 6. 1989, bls. 66.